



Verklag í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar vegna óveðurs og ófærðar

Stofnanir Ísafjarðarbæjar er ekki lokað nema algera nauðsyn beri til. Stofnun skal halda opinni til hins ýtrasta, þó starfsemi skerðist vegna veðurs. Þannig er lögð áhersla á að íbúar eigi í skjól að vernda þegar veður er vont. Komi þess til að með engu móti er hægt að halda dyrum stofnunar opnum vegna manneklu á að tilkynna það á miðlum stofnunar og í fjölmiðlum með eins miklum fyrirvara og frekast er unnt. Að fella niður skólahald er neyðarúrræði. Skólastjóri tekur ákvörðun í samræmi við Sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs ef ekki koma tilmæli frá lögreglu eða Almannavörnum um lokun skóla.

Ábyrgð foreldra

Þegar vond vetrarveður ganga yfir verða foreldrar ávallt að meta sjálfir hvort óhætt sé að senda barn í skólann. Í skólanum er alltaf einhver hluti starfsmanna mættur til að taka á móti þeim börnum sem mæta. Sé barn heima vegna veðurs eða ófærðar þarf að tilkynna það í síma, tölvupósti eða á facebook síðu skólans. Aðstæður fólks til að koma börnum á milli heimils og skóla eru ólíkar og er tekið tillit til þess. Tilvik sem þessi eru eðlileg forföll og eru skrá sem slík.

Ábyrgð skólayfirvalda

Ef veðurspá er mjög slæm er settur inn frétt/texti á heimasíðu allra skóla daginn áður, um hvernig skuli fylgjast með auglýsingum og hvernig brugðist er við ef fella þar niður kennslu og biðja foreldra um að halda börnum heima.

Ef veður eða færð er með þeim hætti að morgni að lögregla og eða Almannavarnir koma með tilmæli þess efnis að börnum sé haldið heima er lágmarks starfsemi í skólanum, kennsla felld niður og foreldrar beðnir um að halda börnum sínum heima.

Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs er í slíkum tilvikum í sambandi við viðbragsaðila og kemur tilkynningu til skólastjórnenda um að starfsemi sé skert og eða kennsla sé felld niður í leik- og grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Er þá gert ráð fyrir því að fyrsta tilkynning þess efnis sé birt sem fyrst en ekki síðar en kl. 7.00 að morgni.

Þá er haft samband við skólastjóra, frétt birt á heimasíðum þeirra skóla sem lokun á við. Skólar senda einnig tölvupóst til foreldra í Mentor eða á miðla sem hver skóli nýtir sér til samskipta við foreldra.

Þess ber að gæta að vond vetrarveður eru ekki eins í öllum byggðarkjörnum og því er staðan metin á hverju stað fyrir sig þegar vond veður ganga yfir.

Forstöðumaður getur lokað stofnun af einni eða fleirum af eftirtöldum ástæðum:

- Tilmæli frá almannavörnum eða lögreglu
- Rafmagnsleysi kemur í veg fyrir að hægt sé að halda stofnuninni opinni
- Ófærð er svo almenn að ekki næst að kalla til lágmarksfjölda starfsmanna til að halda a.m.k. skertri þjónustu

Framkvæmd

Það er gengið út frá því að einhverjir starfsmenn mæti alltaf í skólana. Hver skóli gerir viðbragðsáætlun, sem er endurskoðuð á hverju hausti, vegna þessa þar sem fram kemur hverjir mæta fyrstir af starfsmönnum og hvaða stjórnandi mætir með.

Ef börn mæta er þeim sinnt í skólunum, þann tíma sem þau eiga að vera samkvæmt stundaskrá/dvalarsamningi.

Gert er ráð fyrir því að einn stjórnandi sé í hópi þeirra starfsmanna sem mæta í skólann við þessar aðstæður.

Ætlast er til þess af þeim kennurum sem kenna í síðasta tíma á stundaskrá hvers bekkjar að þeir sjái svo um að börnin fari ekki ein út í óveður að afloknum skóladegi. Heimferð þeirra sé tryggð - ella sé börnunum haldið í skóla þar til foreldrar sækja þau eða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar.

Þegar kennsla er felld niður er ekki verið að gefa starfsmönnum frí í þeim skilningi og reiknað með að þeir mæti sem geta.

Að lokum

Forstöðumenn þurfa að gera sér grein fyrir því þjónustuhlutverki sem stofnun þeirra hefur. Lokun stofnana í bænum getur í mörgum tilfellum haft keðjuverkandi áhrif um allt bæjarfélagið og haft mikil áhrif á aðra vinnustaði.

[Síður sem gott er að fylgjast með:](#)

Heimasíða skólanna og Karellensíður þar sem við á.

Ísafjarðarbær

Heimasíða strætó

Lögreglan

Almannavarnir

Vegagerðin